

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjöld á varnarsvæðum.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum á varnarsvæðum skal greiða gatnagerðargjald til utanríkisráðuneytisins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á varnarsvæðum. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum fráveitu og vatnsveitu, ásamt götulýsingu og lagningu bundins slitlags, gangstétta og umferðareyja, stíga og opinna svæða.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

Af hverjum fermetra lóðar og húss greiðist eins og hér greinir:

- Verslunar- og skrifstofuhúsnæði:	800 kr. pr. ferm. lóðar og 3000 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Iðnaðar- og þjónustuhúsnæði:	800 kr. pr. ferm. lóðar og 1800 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Bílastæðalóðir:	400 kr. pr. ferm.
- Flugskýli og birgðageymar:	800 kr. pr. ferm. lóðar og 1200 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Einbýlishús, raðhús og fjölbýlishús, minni en 4 íbúðir:	3000 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar.
- Fjölbýlishús stærri en 4 íbúðir:	1500 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss.

4. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald af flatarmáli lóðar skal greitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með þeim skilmálum sem utanríkisráðuneytið ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um. Gatnagerðargjald af flatarmáli bygginga skal greitt við útgáfu byggingarleyfis.

5. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Um endurgreiðslu gatnagerðargjalds fer eftir 9. grein reglugerðar nr. 543/1996. Gatnagerðargjald endurgreiðist með verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi er það var greitt. Gatnagerðargjald sem greitt hefur verið í tengslum við veitingu byggingarleyfis skal verðbætt samkvæmt framansögðu til þess dags þegar byggingarleyfið fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Í öðrum tilvikum skal reikna verðbætur til þess dags þegar gatnagerðargjaldið er endurgreitt.

6. gr.

Byggingar á áður úthlutaðum lóðum.

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð sem gjald hefur verið greitt af samkvæmt reglum um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við gatnagerð, lagningu aðalholræsis og byggingareftirlit frá 13. nóvember 1985 skal reikna viðbótargatnagerðargjald af hverjum fermetra nýbyggingar eða viðbyggingar samkvæmt 3. grein.

7. gr.

Undantekningar.

Af skriðkjöllum og gluggalausum kjallararýmum sem aðeins er gengt í innan frá skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi.

Af yfirbyggðum gangstígum eða göngugötum, sem eru þannig úr garði gerðar að þær uppfylla ekki einar sér kröfur byggingarlaga, skal greiða 25% af fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa.

Valdi skipulagsbreyting breyttri notkun lóðar endurreiknast sá þáttur gatnagerðargjalds sem miðast við lóðarfermetra miðað við tilheyrandi gjaldskrárlíð.

8. gr.

Framkvæmd.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli fer með framkvæmd gjaldskrár þessarar og innheimtu gatnagerðargjalda og ráðstöfun þeirra að því er varðar flugþjónustusvæðið á Keflavíkurflugvelli.

9. gr.

Lagaheimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 11. grein reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996, sbr. lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum, og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.